

Þvottadagar

"I am interested only in 'nonsense'; only
in that which makes no practical sense.
I am interested in life only in its absurd
manifestation."

Daniil Kharms (1905-1942)

I

SKY NJANIR

Enginn

Það bankaði enginn.

Hver gæti þetta verið?

Furðulegt.

Já, við erum öll hér.

Hann hellti rauðvíni í glasið og þernan færði honum vindilinn.

Merkilegt að enginn sé að banka, það getur ekki verið neinn, við erum öll hér.

Þernan jánkaði, þurrkaði rauðvínsslettur af borðinu eftir veislugesti.

Það bankaði enginn maður og engin kona fór til dýra.

Fótur

Hann byrjaði að vaxa aftur, hægri fóturinn. Hvert skref er skelfilegt átak. Hann verður sífellt lengri og feitari, tærnar stækka og breikka en táneglurnar ekki.

Ég finn hvorki skó né sokk sem ég get komið honum í, svo að ég hoppa um berfætt á öðrum fæti í grárri borgadrullunni.

Það festast á honum tyggigúmmí, ánamaðkar, hundaskítur og boðsmiðar á viðburði sem ég missti af.

Ég traðka á orðum og myndum. Staurfóturinn verður mér til trafala þar til blóðið fer að renna. Ég verð að tala tungum en ekki í klisjum.

Og málsháttum.

Ég er með blöðruvandamál, bilað hjarta, heilaæxli og tourette-heilkenni

Ég er að míga á mig en nenni ekki að standa upp. Ég finn greinilega fyrir blöðrunni ýta á önnur líffæri og það kallar fram sáran sting. En ég nenni alls ekki að standa upp. Þrýstingurinn eykst og ég tek tímann, reyni að setja heimsmet. Móðir mín truflar mig.

Hvítt verður gult.

Það er eitthvað að mér. Læknarnir segja að þetta kundi að vera bakflæði sem stafi af einhverri veirusýkingu. Í gær dofnaði ég í vinstri handleggnum. Ég fletti þessu upp á netinu og komst að því að ég væri með öll einkenni hjartaáfalls. Ég átti erfitt með andardrátt. Mamma dreif mig niður á bráðamóttöku og þar var ég sett í hjartalínurit.

Þeir sögðu að það væri ekkert að mér. Lygarar og letingjar!

Ég fór aftur á netið, komst að því að ég þjáist af alvarlegum kvíða, honum fylgja hjartatruflanir og mögulega er ég með krabbamein í heilanum. Ég er svo agalega oft með hausverk. Svo er ég líklega með *tourette*. Ég segi margt sem ég meina ekki.

Ritskoðun

Loksins er enginn að fylgjast með, ég get skrifað blótsyrði og klámfengnar setningar í friði!

Engar nunnur eða móralskir munkar að ritskoða mig.

Svo er alltaf hægt að stroka orðin út, ef ég sé einhvern njósna.

En þá yrði sú setning ekki lengur til,

og hefur kannski aldrei verið til.

En ég veit að klámkóngar og drottningar myndu syrgja hana.

Ég veit að ég myndi syrgja hana.

Svo að ég æfi mig í að stroka ekki út.

Ég gerði það samt núna,

strokaði smá út.

Bara eitt orð:

móralskir.

Bach og ljósblátt klám

Margar misstórar manneskjur fastar í litlu rými, skipað að belta sig niður og kynna sér vel hvar neyðarútgangarnir eru. Einkennislæddir þjónar mjaka sér inn þrönga ganga og offeitir fá ekki að vera með.

Fyrsta mynd kvöldsins var ljósblá klámmynd sem ég fylgdist með af áhuga á meðan ég hlustaði á *Air On G String* eftir Bach á repít í iPodinum.

Ég örvaðist líkamlega og andlega af því að blanda þessu tvennu saman, G- strengur Bach fullkomnaði fyrir mér klámið, gaf því aukna dýpt.

Gangurinn á milli sætanna var teppalagður með ódýru, kóngabláu teppi. Ég velti fyrir mér sögu teppa og teppalagninga; voru teppalagningar fyrir tíma ryksugunnar? Voru sérstakar persónur í því að týna upp ryk og mylsnu af teppum? Það er náttúrulega ekki hægt að sópa upp rusl af teppi, ekki ef það á að ná því öllu. Þær hafa þá þurft að ná hverju einasta ryki upp með fingrunum, þvílík nákvæmnisvinna!

Ætli það sé ryksuga um borð?

Ég leit á ljósbláu myndina sem var rétt í þessu að verða dökkblá, vöðvastæltur rafvirkinn var komin úr öllu nema sokkunum, hafði afklætt ljóshærðu húsmóðurina og lyft henni upp á eldhúsbekkin. Líkamarnir líktust strengjahljóðfærum lagsins, það var eins og G- strengurinn væri beinlínis sándtrakkið við myndina. Ég sveiflaði höndunum eins og hljómsveitarstjóri og trommaði fótunum í gólfíð í takt þegar Bach náði hæstu hæðum.

Eftir ris bæði tónlistar og kvikmyndar tók ég eftir því að ég var í óviðeigandi sokkum. MarglITUðum tásusokkum sem pössuðu ekki við tilefnið. Mér hafði verið kennt að vera í sparifötum í flugvél en ég átti alltaf svo erfitt með að koma skipulagi á sokkana mína. Aldrei brást það að ég átti einungis eftir götótta og mislita rétt fyrir mannamót. Stundum ekkert hreint þar.

Ég hleraði samtál tveggja manna sem sátu fyrir aftan mig.

„Nó, nó, nó. Ten þásand per kíló mæ friend,“ sagði feitlaginn íslenskur sjómaður ákveðinn. Japanskur viðskiptafræðingur jánkaði, hafði greinilega ekki hugmynd um að sjómaðurinn hafði fyrir löngu gert samning við fiskana og fékk þá áreynslulaust upp úr sjónum, stundum úrbeinaða.

„Sko, en svo feisreipaði hann hana og fólk hélt bara að hún væri að segjetta, að hún væri þreggi og að djönka sig!!“ heyrði ég unglingsstúlku segja við aldraðan föður sinn, í sætunum fyrir framan mig. Óyfirstíganlegt kynslóðabil olli þar miklum tungumálaörðugleikum.

„Jæja vina mín, en langar þig í bangsa?“ sagði hann blíðlega og benti á gíraffabangsann úr

flugvélabæklingnum.

Flugfreyjurnar nálgudust mig óðfluga með hillur á hjólum troðfullar af varningi. Bach var orðin lágstemmdari hins vegar hafði örvunin af hápunkti G- streng hans í sambland við vöðvastæltan rafvirkjann gert mig æsta og óþægilega hungraða í nauðsynlegan óþarfa.

Maskarar, meik og augnskuggar, allt á tilboði! Ég ákvað að pantu hálfu brauðsneið svo að ég gæti athugað hvort það væri ekki örugglega ryksuga um borð, eða hvort flugfreyjurnar myndu handtína mylsnuna af teppinu.

Lykt

Mig langaði að ná lyktinni af þér í krukku, svo að ég gæti fundið hana hvenær sem mér hentaði. Ekki bara á vinnutíma. Ég bjó til sóttgreinsaða rannsóknarstofu í svefnherberginu mínu. Ég gekk vikum saman í úlpunni þinni, þefaði og reyndi svo að blása lyktinni þinni í glerkrukku. En hún var óstýrilát og vildi ekki láta handsama sig.

Lyktin mátti alls ekki dofna svo að ég geymdi úlpuna á meðalheitum stað, hún mátti ekki gufa upp. Umhverfi úlpunnar *varð að vera* vandlega úthugsað. Ég mátti ekki reykja í henni, þá kæmi *mín* reykjarlykt í hana og þín myndi hverfa. Ég mátti helst ekki fara í henni út, það gæti komið rigning og hún skolast burt. Ég gat bara verið í henni inni í herbergi, þar gæti engin matar- eða kaffilykt yfirgnæft lyktina þína.

Ilmur,
angan,
eimur,
þefur,
fnykur,
óþefur,
ólykt,
daunn,
fýla,
steggur,
pest,
stækja,
stybba.

Ég skrifaði flest allt niður vegna mjólkuróþols og minnisleysis. Ég skrifaði það niður til þess að minna mig á að neyta ekki mjólkurvara og gleyma ekki að fara úr úlpunni þegar ég færi út.

Mig grunaði að einhver væri með aukalykilinn sem ég hafði ekki fundið vikum saman, að þessi einhver væri að senda mér skilaboð á gulum post-it miðum sem voru á víð og dreif um íbúðina.

A4 blaðsíður hræddu mig. Þar var alltof mikið rými fyrir feimnar setningarnar. Ég vorkenndi þeim svo að ég gat varla horft upp á þær. Þær þoldu ekki fjölmenni og samanburð. Þær vildu fá að

standa með fáum, nánnum vinum í hæfilegu rými. Til dæmis á A5. Ég athugaði hvort mér liði betur ef ég stæði á A5 síðu í úlpunni þinni en það var vonlaust því að tærnar náðu fram fyrir blaðið.

Tíminn leið eða leið ekki, það var misjafnt.

Ég hafði áhyggjur af lyktarskyni mínu. Ég rifjaði upp skiptið þegar ég missti það í viku eftir að hafa drukkið pela af óblönduðum Smirnoff-vodka í englabúningi. Ég fannst í snjóskafli fyrir utan menntaskólann, ælandi galli og gólandi búálfum.

Lyktarskynið fann mig þó aftur á endanum. Einhvers staðar las ég að lyktarskynið versnaði með aldrinum. Kannski er betra að finna ekki lyktina af sjálfum sér rotna. Hundarnir mínir gætu fundið lyktina þó að ég gæti það ekki. Þeir finna þíkulykt af konum sem eru nýkomnar úr sundi.

Svarta ekkjan

Mig langaði að gróa við þig. Mér leið eins og allt væri óþarfi nema ég og þú, að líkami minn passaði algjörlega og fullkomlega við þinn. Ég skildi furðuleika þessara hugsana. Samt gat ég ekki hugsað um neitt annað.

Fyrst var eins og þú heyrðir ekki í öskrandi röddum tilfinninganna, eins og ég gerði. Kannski var það vegna háværrar tónlistar nágrannans, sem spilaði *Marianne* með Leonard Cohen aftur og aftur. En ég tældi þig til þess að liggja með mér, alltaf aðeins lengur. Við lágum tímunum saman í rúminu. Þú ræddir stöku sinnum um að fara á fætur og kvarta eða gera eitt og annað, en ég sannfærði þig um að tíminn skipti ekki máli.

Við ræddum um að við værum ein sál, einn líkami sem hafði verið tekin í sundur í fyrra lífi, hefðum eitt sinn verið kúla, með fjórar hendur og fætur. Stundum vissi ég ekki hvort að ég var ég eða þú. Við hættum öllum óþarfa þar til að við nærðumst einungis á ástinni. Það var besti tíminn, þegar ástin dugði.

Svo kom hungrið.

Nartandi í þig. Nartandi í mig. Í fyrstu nörtuðum við bara smávegis hvort í annað til að seðja sárasta hungrið. Nartað í enni, nartað í eyru.

En þó að ég reyndi með öllu móti að hemja mig var ég hungraðri en þú. Ég nartaði í kryppuna sem hafði vaxið með ástinni og þú í gagnslausa fótleggi mína. Þegar þú svafst nartaði ég þegar þú nartaðir ekki.

Ástin var í háseti þar til ávöxturinn okkar fæddist, þá náði hungrið völdum. Við nörtuðum samt ekki í hann. Hann lá á milli okkar, fékk ótakmarkaða ást. Þegar hann gladdist fannst okkur heimurinn gleðjast. Í hann mátti alls ekki narta

En ég var hungraðri en þú. Ég laumaðist til að narta í ávöxtinn okkar þegar þið sváfuð.

Ég var hungraðri en þið. Það varst ekki þú sem nartaðir í hann. Það var ég. En þú varst næstum því ekki lengur til.

Ég var svo hungruð.

Kúlusóttin

Það vaxa kúlor framan á líkögum hvert sem ég lít, ef ég horfi vandlega sé ég þær titra örlítið með hverju andartakinu sem líður. En ég bið ykkur vinsamlegast að láta ykkur ekki detta það í hug að vaxa framan á mér, þið verðið að finna ykkur annan stað og betri. Þessir líkamar eru afar stoltir af úttútnun sinni, strjúka kúlunum blíðlega og gerast jafnvel svo grófir að tala við þær.

Eftir siðgæðishrunið urðu kúlor smitandi, hver sá sem rakst á kúlulíkama eða kom of nálægt, smitaðist. Því hefur verið velt upp hvort bölvun hvíli á mannkyninu eða nú standi yfir innrás geimvera. Getnaður er ósjálfráður og smitandi.

Vísindamenn vinna hörðum höndum að því að vinna gegn smithættu.

Andsetin skáld sitja einbeitt við skrif. Rita niður hugsanir látinna og ófæddra, raddir þeirra sem eru enn ekki fæddir og þeirra sem farnir eru, en hafa þó sterkar skoðanir. Þeir ófæddu skoða heiminn í gegnum nafla vaggandi líkama, sem næra þá með skinkuhornum meðan þeir skipuleggja heimsyfírráð.

Það eina sem vísindamenn gátu gert var að fresta einhverjum fæðingum um óákveðinn tíma. Brjóstamjólk sullast upp úr holræsunum, setur hvíta sliktu yfir götur borgarinnar. Grátur sköllóttu fanganna ómar um borgina en enginn heyrir í þeim, nema ég.

Þeir segja mér svo að ég sé full af árásargjarnri orku. Ég er ósammála en það skiptir engu, ég skal ekki gefast upp fyrir sálfræðigreiningum og auðveldum svörum. Með rafrænum skynjurum mæla þeir út hvaða boðefni eru á skjön, dæla í mig sjálfslýsandi efnum beint í æð. Koma mér í jafnvægi og huganum frá kenningum mínum. En hver vill helvítis jafnvægi? Eftir augnablik verð ég orðin algjörlega flöt og líklega tilbúin í að eiga í ástarsambandi við brauðristina mína.

Ég vona að þú takir þetta alvarlega.

II

ÞVOTTADAGAR

Hreinsun

Spúla líkamspartana
vel og vandlega.
Nudda fingurgómunum
við grófan sandpappír,
til þess að afmá fingraförin.

Reyni að kroppa orðin af blaðsíðunum,
sérstaklega fréttina um manninn
sem datt af hestbaki
ölvaður
og skyrpti svo upp í bjargvætt sinn.

Ég bið þig um að koma ekki í heimsókn.
Þú ferð aldrei úr skónum, jafnvel þótt ég biðji þig fallega.
Spígsparar um á lifandi viðnum.

Á milli fjalanna
geymi ég höfuð nágranna minna
sem þú traðkar á með svörtum riffluðum leðurbotninum.

Við amma eigum það sameiginlegt að vera þínu lauslátar

„Viltu rétta mér fæturna mína, ljúfan?“

Gegn vilja mínum braust flissið út í hvert einasta skipti sem hún bað mig um þetta. Ég náði í fæturna og klæddi þá varlega í ljósbrúna nælonsokka og setti þá ofan á fótskemilinn hjá henni. Ég ýtti í stólnum henni eftir ganginum sem var sterill og tómlegur.

Fólkið sem við mættum hreyfðist löturhægt, án stefnu. Sterk blanda af hreinsiefna- og fúkkalykt lagðist fyrir vit mín og ég reyndi að halda niðri í mér andanum. Hún átti ekki heima þarna ásamt gegnsæjum vofum og grimmilegum hjúkrunarkonum. Við gengum út úr hvíta húsinu við Sæbrautina, litum báðar tilbaka og furðuðum okkur á skreytingunum.

„Þessar jólaskreytingar valda mér ógleði. Gular, rauðar og grænar seríur eins og til að undirstrika hvað húsið er hræðilega litlaust alla aðra mánuði ársins,“ sagði amma með fyrirlitningu.

Vindurinn hringsólaði um okkur eins og að hann gæti ekki ákveðið hvaðan hann væri að koma eða hvert hann væri að fara, örfá snjóhorn dingluðu með honum í óvissu um landingarstað.

Ég leit niður á hendurnar á mér. Blótaði því að hafa gleymt hönskunum. Neglurnar á mér voru í hakki. Ég lakkaði fleiri, fleiri umferðir yfir þær í morgun, en alltaf skinu hvítu blettirnir í gegnum dimmrautt naglalakkið. Lauslætisslettur, eða „ástarblettirnir“ eins og amma kallaði þá, komu upp um mig. Nú voru tveir blettir á hverri nögl nema þrír á hægri þumlinum, sem gerðu tuttugu og einn mann. Margir myndu kalla þetta kalkskort en ég vissi upp á mig sökina, að þetta er dómgreindarskortur ef skort mætti kalla.

Þegar við komum niður að sjó, stillti ég stólnum upp við bekk og settist við hlið hennar. Hún greip um hendurnar á mér og nuddaði þær til að hlýja þeim. Ég vonaði að hún færi nú ekki að skoða á mér neglurnar. Gat ekki fengið siðgæðisfyrirlestur í dag, alls ekki í dag.

Þá tók ég eftir nöglunum hennar.

Þvottadagur

Ég hefði handþvegið brækurnar en það var ekkert rennandi vatn. Ég fyllti svartan ruslapoka af óhreinu og fór með hann á þvotthús niður í bæ, sem var reyndar líka kaffihús. Ég ákvað að slá tvær flugur í einu höggi og fara í sömu ferð í Sundhöllina, þrifa mig á meðan vélin þrifi þvottinn.

Ég gaf þybbnum krakka kleinuhring fyrir að vakta þvottvélina mína á meðan. Ég sá að konan í grænu mussunni girntist nærbrækurnar mínar.

Á leiðinni frá þvottahúsinu vinkaði ókunnugt fólk mér í gegnum gleraugu kaffihúsa. Ég gaf þeim fyrstu fökkjú-puttann, sá næsti fékk „ríddu þér“ og svo reyndi ég að búa til ný blótsyrði með fingrum og grettum til þess að vera frumlegri. Maður fær ekki að halda heilagan þvottadag í friði. Ef þau þóttust þekka mig, sjá þau heldur betur eftir því núna.

Þegar ég kom upp í Sundhöll mundi ég að sundkortið gleymdist heima svo að ég skreið á fjórum fótum framhjá móttökunni.

Ég fór inn í bás til þess að fá næði til að koma sundhettunni yfir úfið hárið. Ég klæddi mig í sundbolinn og setti á mig froskalappir. Tvær konur stóðu í sturtunum og horfðu á mig með undrunarsvip þegar ég gekk framhjá þeim í þurrum sundbolnum og fór út í laug án þess að skrúbba mig. Ég sendi þeim heilræði í hugboði og vonaði að það bærist til þeirra sem allra fyrst. *ÞAD ER ÓHOLLT AÐ SÁPA Á SÉR KLOFID.*

Eftir sundferðina var ég eins og ný. Ég valhoppaði niður í þvottahúsið, vinkaði öllum sem ég sá. Stoppaði sérstaklega fyrir framan hvert kaffihúsið á fætur öðru vinkaði og gaf þeim „thumbs up“.

Fitubollan stóð ennþá sína plikt og verndaði þvottavélina mína frá brókarþjófnum. Ég gaf honum annan kleinuhring fyrir vel unnin störf.

Þegar ég kom heim henti ég þvottinum á gólfíð og gerði tilraun til þess að leggja mig. Þá heyrði ég pólsku mennina, í næsta herbergi, koma fulla heim og hringja til Póllands til þess að segja konunum sínum brandara. Ég sneri mér í rúminu til að heyra minna í þeim. Þá heyrði ég skerandi ískur frá herberginu vinstra megin við mitt. Taktfast ískur sem fléttaðist við stunur og loks öskur. Ég skreið undir rúm til þess að fá frið, en fann þar hreinar nærbuxur.

Það stakk mig hvað þær voru óþarflega hreinar. Tandurhreinar.

Heilagt vatn

Ég týndi sjálfsvirðingu minni ekki, ég skildi hana viljandi eftir hjá þér. En ég gleymdi sokkabuxunum mínum, eða ég týndi þeim. Fann þær ekki innan um tóma líkamana og hreyfingalausar flöskurnar.

Það hlaut að vera uppskrift að blöðrubólgu að ganga heim á ísköldum vetrarmorgni, sokkabuxnalaus eftir nótt af stanslausum samförum. Mig sveið í rasskinnarnar undan norðanvindinum sem rasskellti mig ítrekað án samþykkis. Lifrin þreytt á krókaleiðum. Ég rataði þó oftast aftur heim, klappaði gömlum körlum og ókunnugum ömmum virka daga frá átta til fimm og reyndi svo aftur að nýta frítíma minn á kristilegan hátt.

Ég leitaði mér skjóls í bakaríinu á Hringbraut, skrapaði saman klinki fyrir kleinu. Þar var fullt hús af foreldrum og lágvöxnum afkvæmum þeirra. Ég furðaði mig á því hvað það þurfti ofboðslega marga silfurpeninga til þess að kaupa eina kleinu.

„Húndraðogfimmtjú,“ tilkynnti afgreiðslustúlkan mér á pólskri íslensku og brosti hlýlega til mín. Þetta voru ósanngjörn skipti, en ég sagði ekkert, vildi ekki valda uppþoti í bakaríi á sunnudagsmorgni. Ég leit í kringum mig og fann skyndilega að andrúmsloftið þykknaði. Ég átti erfitt með að koma því ofan í lungu. Augnarád fjölskyldufólksins potaði í mig á óþægilegum stöðum og hlýlegt andlit afgreiðslustúlkunar afmyndaðist í hræðilega grettu. Ég hrökklaðist út í kuldann með kleinu og skömm.

Ég reyndi að læðast óséd inn heima, tiplaði á tánum og forðaðist fjalirnar sem ég vissi að brakaði í. Ég opnaði allar skúffurnar í kómmóðunni og leitaði að hvítum handklæðum. En þar var ekkert að finna nema rauðar blúndunærbuxur og myglaðar mandarínur. Kómmóðan hafði líklega falið þau og skilið þetta eftir til þess að koma mér í jólaskap.

En ég lét ekki blekkjast, ég var með það á hreinu að það væri ennþá október. Það veitti ekki af því að þrifa mig duglega svo ég lét renna í það.

Ég fyllti lófann af volgu vatni og hellti því yfir ennið svo að það lak af mér andlitið. Mér fannst upplagt að syngja til þess að gleyma. Ég söng þjóðsönginn lágum rómi á meðan ég klifraði andlitslaus ofan í rauðleitt vatnið.

Ég starði á heilagt vatnið sullast í karið og velti því fyrir mér hvernig ég gæti hefnt mín á kómmóðunni. Kannski að ég ofskreyti hana og láti jólaskrautið standa fram í febrúar? Jafnvel kannski fram á sumar.

Uppvask

Honum datt aldrei í hug að nota uppþvottaburstann. Hélt líklega að hann væri einhvers konar framlenging á mér. Ég þreif slefið af skeiðunum eftir hann og þessa atvinnulausu bóhem vini hans sem voru uppteknir við að búa til konseptlist úr bjórflöskum.

Þegar við kynntumst ímyndaði ég mér að héðan í frá yrði lífið appelsínugult ævintýri og raunveruleikinn myndi auðveldlega vinna alla drauma í reipitogi. En í stað þess var tilveran orðin að martröð í niðurgröfnum kjallara. Yfirgengilega ástin orðin að kvalarfullri og hægri slátrun. Stútfullur öskubakkinn við hliðina á vaskinum var áminning um skort á viljastyrk. Ég var alltaf að tæma hann, samt var hann oftast fullur.

Eina glætan yfir uppvaskinu var miðillinn í útvarpinu sem tengdist látnum ættingjum og elskhugum þeirra sem hringdu inn í þáttinn. Miðillinn var með djúpa og róandi rödd sem hélt mér frá því að taka æðiskast, brjóta diskana, stinga skítugum gaffli í augað á maninum mínum.

Það var alltaf sama fólkið sem hringdi inn í þáttinn. Einn af fastagestum var ekkja sem saknaði eiginmanns síns. Útvarpsmiðilinn tengdist anda hans og sagði henni að maður hennar heitinn vildi frekar sjá hana fara í ferðalög en jarðarfarir ókunnugs fólks. Öll þriðjudagskvöld hringdi inn eldri maður sem átti við áfengisvandamál að stríða og leitaði örvæntingafullur ráða hjá miðlinum. Loksins var hann búin að átta sig á því að það væru dauðar fyllibyttur sem drykkju í gegnum hann. Þeir veltu fyrir sér aðferðum til þess að losna við illu andana. Gæti það verið að illir andar húsmæðra vöskuðu upp í gegnum mig?

Eftir fimm mínútna bið á línunni fór þetta að virðast vera fارانleg hugmynd, hvað ef strákarnir heyrðu í mér, eða væru jafnvel að hlusta á þáttinn?

„Góða kvöldið og velkomin í útvarpsþáttinn *Handanheimur*. Hvað get ég gert fyrir þig?“ sagði miðilinn með sinni róandi rödd áður en ég náði að skella á.

„Hæ,“ svaraði ég feimnislega og gerði svo tilraun til þess að útskýra tilveru mína.

Hann sagði mér að ganga sex hringi í kringum húsið með brennt hrútshorn í bandi um hálsinn og mikið magn af hvítlauk í vösunum.

„Eee ... ertu að djóka?“ Spurði ég sakleysislega til þess að vera viss um að hann væri ekki að hafa mig að fifli. **MÉR ER ANDSKOTANS ALVARA MELLAN ÞÍN, HVÍTLAUKUR OG HRÚTSHORN, HVÍTLAUKUR OG HRÚTSHORN!**

Mér brá við öskrin að ég missti símtólið í vaskinn, jók þrýstinginn og vaskaði það upp.

Munkar fara með möntrur og ég dreg dauðann úr stokknum.

Ég vaknaði við hann mantrandi með munkum sem endurtóku Babanam Kevalam, Babanam Kevalam. Rigningin bankaði hratt og létt á rúðurnar og grátbað mig um að koma út. Ég nýtti tækifærið á meðan hann sat eins og hálfviti með lokuð augun og krosslagða fætur. Ég smeygði mér í alltof stóra inniskó.

Þegar ég kom út lúbarði haglélið mig og skildi mig eftir í rifnum rykfrakka á horninu á Frakkastíg og Laugavegi. Það gekk illa að reykja í rokinu, auk þess var ég í frakka á Frakkastíg svo að ég færði mig af horninu inn á Laugaveginn og reyndi að láta lítið fyrir mér fara. Á meðan ég tottaði bláan Camel fylgdist ég með næturlífsvampýrum gera hetjulegar tilraunir til þess að komast heim til sín án þess að skaddast af sólinni, sem reyndi ólm að koma upp um þær.

Ég var viss um að meðleigjandinn hefði komið alltof seint heim, þar sem hann virti engar útivistareglur. Ég myndi fá nákvæma útlistun á allri hans miðbæjarhegðun svo að ég gæti hugleitt það hvort að ég ætti að ræna frá honum kaffisúkkulaðinu sem ég vissi að hann skildi eftir í skúffunni. Klósettferðir hans voru til vandræða og hann vökvaði ekki blómin.

Spurningin var hvort að ég sliti á honum raddböndin. Hann fór reyndar bara með möntrur, ekkert dónatal. Sumir eru betri en aðrir í tungumáli ástarinnar. Hann talaði eitthvert allt annað mál, sem fáir skildu. En ég vildi samt alls ekki að hann færi að skrifa til mín, hvorki möntrur né kynlífsóra. Ég vildi engin handskrifuð bréf með örsögum af kynlífi fullorðins fólks. Engar lýsingar á lafandi brjóstum og krumpuðum typpum, takk fyrir.

Ég greip dagblaðið með mér á leiðinni inn, renndi augunum yfir fréttirnar. Þær sögðu mér ekkert um framtíðina, tönnluðust einungis á því sem gerðist í gær. Ég tók fram tarotið og vonaðist til að spilin myndu boða raðfullnægingar með tungulíprum næturlífsverum í nánustu framtíð.

Ég myndi bjarga þeim frá sólinni.

Sunnudagar við Silver Lake

Þessi borg er algjör tilbúningur, meira að segja gróðurinn og vötnin. Tilbúin náttúra. Hér þrífst enginn gróður án afskipta mannsins og vatn gufar upp í kæfandi sólskininu. Garðurinn við gervivatnið er einn tilbúningurinn, umkringgt gervilegu grasi og pálmatrjám úr plasti. Endalaus straumur af skokkurum og hundafóstrum fara hring eftir hring í kringum vatnið, dýr og menn reyna örvæntingafull að hrista af sér spikið.

Ég sit í grasinu, naga plastgras og reyni að skrifa jákvæða dagbókarfærslu um borg englanna. Hér er veðrið að minnsta kosti ekki umræðuefni, það er alltaf eins. Hér lenda engir leiðsögumenn í því að þurfa að fylgja fimmtíu ferðamönnum ofan úr Öskju í blindhríð í júlímánuði. Í staðinn er umferðin aðal umræðuefni borgarbúa. Hvort... nei ekki hvort heldur hversu lengi þú sást fastur í umferðarteppu í dag. Það er svo mikilvægt að vera með bók með sér í bíltúrum.

Ég er farin að hata gulan sand, sakna svörtu fjallanna. Efast um að þau sakni mín. Ég hef vanrækt þau svo árum skiptir. Ætli að þau séu ennþá á sínum stað? Kannski fluttu þau sig af eyjunni, enginn tók eftir þeim nema neonlitaðir gorítex túristar.

Allt er á skjön við mig. Ég fer út til að leita að hita og inn til að kæla mig. Rottur búa í pálmatrjám en ekki holræsum. Þær þykjast saklausar, láta sem þær séu íkornar.

Talandi um íkorna, þá er það í augnablikinu eini vinur minn hér. Mitt ískalda fas er ekki Könum að skapi. Þeir vilja að ég svari alltaf „*I'm fine*“, þegar þeir spyrja hvernig ég hef það.

Ég svara aftur á móti heiðarlega:

„I want to kill myself today and maybe all the rats pretending to be squirrels“.

Til hvers að ljúga að ókunnugum?

Helgarfrí

Vakna fullklædd í baðkari, vatnið orðið kalt og ódýru fötin búin að lita vatnið grá-slikju blátt. Ég reyni að muna hvernig ég komst hingað en get ómögulega rifjað það upp.

Get aðeins hugsað örstuttar og einfaldar hugsanir. Heilinn orðin götöttur eins og mosi, hugsanirnar hálfar og samhengislausar á stangli hér og þar.

Baðherbergið sjálf er kunnuglegt. Ég horfi stjörf á rauðleitt gums sem minnir mig á rauðkál, og situ á veggnum mitt á milli vasks og klósettis. Einhver hefur fundið fyrir alvarlegum valkvíða á ögurstundu.

Ég geri auma tilraun til þess að standa upp úr þessari einkasundlaug. Blýþungu gallabuxurnar halda mér niðri. Ég finn eitthvað liggja undir mér í vatninu og dreg það upp.

Blaðsíðurnar falla slepjulegar úr drukknaðri dagbókarskrúddunni, fljóta á vatnsyfirborðinu.

Blekið lekur af síðunum, ég finn fyrir létti er ég horfi á fortíðina strokast út.

III

SKYNDIMYNDIR

Til fyrirmyndar

Hin fullkomna ég
reyskir ekki.

Hin fullkomna ég
borðar eins og dama.
Kokteilsósulausir fingur.
Hin fullkoma ég er
ósammála mér.

Hin fullkomna ég
þekkir hvorki svarteygða dópista
né glimmerskreyttar
vændiskonur.

Hin fullkomna ég
myndi aldrei
draga þig um skraufpurra sléttuna
blóðugan á fótunum
með minimalískt hávaðakántrý
sem undirspil.

Hin fullkoma ég er algerlega
ósammála mér.

Spegilmynd

Ég skakklappaðist upp gangstíginn í átt að bláum gámi sem stóð einmanalegur við svartan sjóinn. Fyrir utan stóð kona og seldi hvíta miða á 200 krónur stykkið. Juliette keypti fimm miða og ég einn, án þess að spyrja hvaða hlutverki þeir gegndu. Ég rýndi í miðann minn en hann var auður. Juliette opnaði stálhurðina á aftanverðum gámnum með erfiðismunum og gekk ákveðin inn. Ég elti hana, hikandi.

Mér til mikillar undrunar og gleði var þar inni lítill bar. Veggirnir voru klæddir rauðu flaueli og það var spilað stutt brot úr þýsku lagi aftur og aftur eins og að nálin í plötuspilaranum skoppaði um á víninum. Viðskiptavinirnir keyptu drykki á barnum, alvarlegir á svip, með hvítu miðunum.

Barþjónninn var með tómlegt augnaráð sem starði á mig án þess að líta undan. Hann starði þangað til að mér fannst ég vera að brotna niður í öreindir.

Ég sneri mér við og var á leiðinni út þegar Juliette kallaði á mig og sagði mér að koma til sín. Ég mjakaði mér á milli ókunnugra þar til ég stóð þétt upp við barinn til að komast fyrir, kveikti mér í sígarettu til þess að hafa eitthvað fyrir stafni. Hún tók einn af hvítu miðunum sínum og lét barþjónninn fá hann. Hann tók upp rauðvínsglas, hellti rólega í það. Á meðan starði hann á mig, inn í mig en ekki á glasið.

„Sástu?“ hvíslaði hún að mér.

„Nei, sá ég hvað?“

Hún hrsti hausinn, kippti hvíta miðanum úr vasanum mínum og rétti barþjóninum hann. Hann endurtók verknaðinn, tók upp glas, hellti rauðvíninu í það, horfði beint fram en ekki á glasið. En núna tók ég eftir því að hann stakk fingri í glasið á meðan hann hellti og stoppaði þegar vökvinn snerti fingurinn.

„Hann er blindur,“ sagði ég sigri hrósandi.

„Ussssssssss!!“ heyrði ég úr öllum áttum.

„Blindur barþjónn“ hvíslaði ég.

Ég þambaði rauðvínið sem hann rétti mér og fylgdist með honum að störfum. Mér fannst ennþá eins og hann sæi jafnvel í gegnum mig.

Barklukkan sló tólf högg og sá blindi sneri sér skyndilega við, þreifaði á tjaldiru þar til hann fann þar hvítan spotta og dró frá tjaldiru bakvið barinn. Þar í miðjunni á gámnum var hringlaga svið. Hann dró einnig tjöldin frá veggjunum sem voru þaktir spegilflísu undir flauelinu. Á sviðinu stóðu þrjár stúlkur í húðlituðum samfestingum með rauða kúlulaga hatta. Þær stóðu grafkyrrar og störfu á kófdrukka viðskiptavinina. Hinu megin í gámnum var alveg nákvæmlega eins bar. Annar

barþjónn og gjammandi kúnnar með rauðvinstennur og sígarettur. Ég sá spegilmynd mína á flísunum á veggnum og í öðru fólki á öðrum bar. Spegilmyndirnar báðar í móðu.

Talandi seðlar

Þú segir að peningar tali, segir að þeir vilji helst sitja á fáum stólum við mörg borð. Segir að Jón sé vonsvikinn með sína lágu upphæð og að Kjarval sé með stanslausan kjaft. Ósáttur vegna óvinsælda 2000 kallsins.

Og þú grætur yfir örlögum 5000 kallsins, sem segir sína sorgarsögu, frá framhjáhöldum og misheppnuðum hjónaböndum.

Marggiftu biskupshjónin, rífast um framhliðina.

Við vitum að drottningin drepur biskupinn. Skilur hann svo eftir á baksíðunni, með fyrri konum og þjóðlegum útsaumi.

Þú berst stanslaust við ertingu þagnarinnar, talar alltof hátt á virðingarverðum stöðum.

Veifar seðlunum og stelur rítalíni frá misgreindum börnum.

I love cats

Ég skóf sjálfa mig upp af ísköldu eldhúsgólfinu, hafði enga hugmynd hvað klukkan var. Ég ráfaði að vaskinum til að fylla ketilinn. Á meðan hann hitaði vatnið furðaði ég mig á því hvað mér var kalt, hrikalega kalt. Ég leitaði að opnum glugga en fann engan, allt var lokað. Ketillinn vældi og ég setti jurtirnar í *I love cats* bollann minn og hellti sjóðandi vatninu yfir. Ég settist við gluggann og starði út í tómið. Hendurnar gáfu sig, það helltist úr bollanum og ég horfði á vökvann dreifa sér yfir eldhúsborðið og leka niður á gólf.

Ég horfði á forvitinn kött nágrannans í næsta húsi klessa trýninu að rúðunni og skildi hann svo vel. Við vorum fangar, bæði í eilífu útivistarbanni. Einhver ákvað það fyrir þennan kött að hann væri heimilisköttur, inniköttur meira að segja. Hann fékk engu um það ráðið.

Ég hafði fylgst með þér lengi byggja upp vegg í kringum mig, barðist ekki á móti. Þú festir þá ekki við gólfíð svo að þú gætir fært þá nær mér ef þig langaði til þess. Minnkað rými mitt og tilveru, þar til að ég fyndi fyrir veggjunum kremja í mér líffærin. En þú straukst mér samt svo blíðlega inn á milli, gafst mér kókópuffs í skálina og talaðir til mín með róandi röddu.

Ég veifaði til kattarins, stóð upp og lagðist svo aftur á sama blettinn á gólfinu. Í þægilegri stellingu svo að ég gæti beðið þolinmóð eftir næsta klappi.

Plastflöskur og áldósir

Þetta átti að vera tímabundið húsnæði en skúrin var svo frábærlega staðsettur og ég naut þess að geta njósnað um nágretta mína.

Baðherbergið og eldhúsið voru gluggalaus, svo að ég þurfti að hafa opið út þegar ég fór í sturtu eða steikti beikon. Það voru ýmiss óþægileg atriði sem áttu sér stað vegna þessa, en ég nemti bara ekki að búa til skilti sem stæði á: ÉG ER Í STURTU, EKKI KOMA INN. Ég bjóst við að það yrði ennþá furðulegra en hitt og gæti laðað inn til mín illa hirta fressketti.

Nágrannakona mín og ég lifðum í ólíkum heimum, gátum ekki verið sammála um nokkurn skapaðan hlut. Ég truflaði tilveru hennar með sígarettustubbum, eyðilagði fyrir henni útsýnið í garðinum, því að ég var með rúmföt með mynd af Bangsímón sem garðínur. Þetta tvennt var það eina sem við ræddum almennilega um í þessi tvö ár. Henni fannst algjör hneisa að ég væri ekki búin að kaupa mér almennilegar garðínur, en ég gat ekki skilið hvernig fjöldaframleiddur textíll frá Ikea myndi vinna verkið betur af hendi en rúmfötin mín.

Reglulega bankaði hún uppá hjá mér vegna sígarettustubbana sem voru gjörsamlega að fara með hana og skipaði mér að setja ílát fyrir utan hurðina mína. Ég setti þá stundum í dósir en þegar þær fylltust þá lagði ég stubbana snyrtilega á stéttina.

Ég hugsaði með mér þegar ég valhoppaði heim frá Hverfisgötunni, með klámmyndir, kynlífstæki og tóma Egils Kristals flösku í poka, að nú gæti ég aldeilis glatt hana með því að skipta út kókdósinni. Vonandi myndi hún ekki kalla mig hræsna, það sást langar leiðir að það var ekki ég sem drakk þennan Kristal. Ég stillti flöskunni upp við hliðina á áldósinni. Er ég virti þær fyrir mér fannst mér merkilegt að sjá hvað rauð og lífsreynd kókdósinn, troðfull af sígarettustubbum, var áberandi áhugaverðari en hrein og óbeygluð Kristal flaskan. Ég ætlaði samt alls ekki að gefa eftir í stóra garðinumálinu. Hvernig gat nokkrum verið illa við Bangsímón?

Ekki lána honum litina þína

Hann klæddist ekki bara fötunum heldur faldi hann sig einhvern veginn inn í þeim.

Einkennisbúningur mánudaga voru óaðfinnanlega straujuð teinótt jakkaföt, breitt ljósfjólublátt bindi yfir hvíta skyrtu og glansandi brúnar leðurmokkasíur. Það var bindið sem kom upp um hann. Allt annað við klæðnaðinn var hefðbundið en bindið í óvæntum lit, ljós-lilla-fjólublátt. Hann strunsaði um gangana eins og herforingi, þó vottaði fyrir einhverri sveiflu í mjöðmunum.

Á vissum augnablikum gat manni hlotnast sá heiður að sjá hann klóra sér um rauða skeggbroddana, laga bindið og kíkja á úrið. Í mikilli mótsögn við hraðar hreyfingar hans talaði hann á hálfu tempói þegar hann kenndi. Takturinn í talanda hans var eins og þegar ég fiktaði í plötuspilaranum hennar mömmu og tónlistin varð hægari og dýpri. Framburðurinn var vandaður og um leið lagði hann of mikla áherslu á sérhljóðana. Þessi talsmáti svæfði mig og líklega kynslóðina sem kom á undan mér betur en nokkur vögguvísa. Hann horfði á loftið og hnúana á sér til skiptis þegar hann kenndi okkur náttúrufræði, en aldrei á okkur. Með þessari djúpu og hægu röddu rændi hann litunum úr lotukerfinu.

Einn örlagaríkan mánudag ráfaði ég um skólann í leit að vandræðum. Leitin var stutt þann morguninn og ég fékk virðulega gangavarða fylgd að skrifstofunni hans fyrir vel unnin störf. Ritarinn hristi höfuðið af vanþóknun og benti mér beinustu leið að hurðinni hans.

Hann kom til dyra með bindishnúttinn lausan, vísaði mér inn með spastískri handahreyfingu og hneigði sig um leið.

„Veeelkoomin uunga stúlka,“ sagði hann svo hægt að hann slefaði um leið.

Yfirþyrmandi koníakslykt mætti mér þegar ég gekk inn um hurðina og meðfram veggjunum skriðu órólegar sálir eldri vandræðanemenda. Þær hvísluðu eitthvað hver ofan í aðra, svo hratt að ég heyrði ekki orðaskil.

Pastelitað náttúrubarn

Fuglasöngur í tjaldferðalögum getur verið jafn ærandi og byggingarframkvæmdir í borginni. Fuglarnir keppast um titilinn *vekjaraklukka náttúrunnar* en ég þoli ekki að vakna þegar heiminum hentar.

Ljósblár himinninn lokaði mig inni í kæfandi hálfmána, sem var kyrfilega hælaður niður við jörðina. Ég þindi mig til þess að geyma höfuðið aðeins lengur á dúnkodanum, vafinn þétt inn í bláan svefnpoka, sem myndi halda á mér hita jafnvel þó að það væri -20 gráðu frost.

Ég heyrði að einhver nagaði himininn.

Það var orðið ómögulegt að sofa lengur fyrir bjástri nátturnar. Ég hóf að klæða mig með erfiðismunum inni í lágu tjaldinu. Þá reif einhver í tjaldhæl svo að ég renndi tjaldhurðinni af, leit út, með úfið hárið, komin í aðra sokkabuxnaskálmína. Þar stóð drulluskítug rolla spossk á svip, kjamsandi á tjaldbotninum.

„FARÐU, fjúff fjúff,“ öskraði ég á hana og baðaði út höndum. Hún leit upp, horfði á mig yfirveguð um stund, sagði ekkert og hélt áfram að gæða sér á eðalgrasinu, sem var greinilega einungis að finna undir tjaldinu mínu. Ég kláraði að klæða mig og skreið svo út.

Ég dró andann djúpt að mér til að fylla lungun af hreinu landsbyggðarlofti. Ég tók eftir risavaxinni skítahrúgu í grasinu við hliðina á mér, hörfaði frá lyktinni og setti lófann fyrir vitin. Nýja fjórfætta vinkona mín hafði skilið eftir gjöf handa mér, karma fyrir allt lambakjötið sem ég hafði látið ofan í mig.

Ég gaf mér nægan tíma til þess að bursta, skyrpti svo tannkreminu í ána og horfði á myntugrænt slefið synda niður strauminn, leysast upp í einingar og sameinast ánni. Ég hafði aldrei eytt jafn löngum tíma í tannburstun og vissi ekkert hvað ég ætti finna mér næst til dundurs. Þetta átti að vera tilraun til þess að finna lífstaktinn langt frá sjónvarpi og útvarpi. En þögnin gerði mig eirðarlaus og ég fylltist óstjórnlegri þörf til þess að öskra. Á leiðinni frá læknum reifst ég við ryðgaða gaddavírsgirðingu af því að hún reif nýju bleiku sokkabuxurnar mínar.

Um leið og ég var komin inn í tjald greip mig kláðatilfinning, ég reif upp húðina hvar sem ég komst að henni berri. Ég fór úr buxunum til þess að geta klórað mér frekar, náði ekki að klóra mér næginlega vel í gegnum sokkabuxurnar. Klóraði og klóraði þangað til að það blæddi úr mér á fleiri stöðum, henti mér í grasið og rúllaði mér upp úr því til að ná til þeirra líkamsparta sem hendurnar gátu ekki.

Rollan stóð á lengdar og horfði hneyksluð á mig.

„Þetta vina mín, er kjötkláði“

Ég lá blóðug í grasinu með lokuð augun, heyrði í skordýrum og spendýrum nálgast.

Engir stólar, auðir stólar

Grænmálað timburhús stóð aleitt og einmana umkringt gráum bílastæðum, götum og gangstéttum. Það var lífrænna en umhverfi sitt, eins og það hefði vaxið upp úr rifu í malbiki. Sólin hafði löngu fært sig til annarra heimsálfa og hvergi sást máninn til að lífga upp á nóttina. Öll ljós voru slökkt nema að í efsta glugganum á húsinu skein rauðleit birta.

Herbergið var dimmrautt og innréttað með nokkrum brúnum húsgögnum. Litirnir réðu andrúmslofti stofunnar sem var þungt og fullt af fortíðardraugum.

Miðaldra hjón sátu hvort sínum megin við egglega borðstofuborð og átu brúna kássu af ólíkum diskum. Konan sat bein í baki með rauðvínsglas og horfði tómum augum á manninn. Hann mændi hokinn niður á diskinn sinn, þreifði fyrir sér til að finna flöskuna, frekar en að líta upp. Inn um glugga og í gegnum vegg heyrðist barnsgrátur og rifrildi katta.

Skyndilega stóð maðurinn upp, færði sig út á mitt gólf og hóf að syngja óperu útgáfu af *Dancing Queen* með ABBA. Konan kippti sér ekki upp við það heldur sat stjörf, með óttablandið augnaráð og fingurna þéttvafða um fót vínglassins.

Hann söng djúpt úr maganum, án þess þó að hreyfa legg eða lið. Stóð þráðbeinn með handleggina niður með síðunum og horfði til skiptis á hana og diskinn sinn á meðan hann söng. Eftir tvo kafla og eitt viðlag án viðbragða frá konunni, settist hann aftur í stól sinn, niðurlútur.

„Þú gerðir aftur alltof mikinn mat“, sagði hún rólega og með áherslu á hvert orð.

Hann svaraði engu heldur stakk gafflinum ítrekað í kássuna án þess að fá sér bita. Hann hafði eldað of mikið af einskærum vana og tekið lagið einungis til þess að færa huga hennar frá matarborðinu.

Hann vissi að hún sá fyrir sér stólana sem hann fjarlægði í fyrradag, hann hélt að það myndi láta henni líða betur. Kannski hefði hann átt að sleppa því. Nú var alltof mikið af rými við borðstofuborðið. Það hefði kannski verið betra að hafa stólana auða en ósýnilega.

Þvottadagar

Efnisyfirlit

SKYNJANIR.....	3
Enginn.....	4
Fótur.....	5
Ég er með blöðruvandamál, bilað hjarta, heilaæxli og tourette.....	6
Ritskoðun.....	7
Bach og ljósblátt klám.....	8
Lykt.....	10
Svarta ekkjan.....	12
Kúlusóttin.....	14
ÞVOTTADAGAR.....	16
Hreinsun.....	17
Við amma eigum það sameiginlegt að vera þínu lauslátar.....	18
Þvottadagur.....	19
Heilagt vatn.....	20
Uppvask.....	21
Munkar fara með möntrur og ég dreg dauðann úr stokknum.....	22
Sunnudagar við Silver Lake.....	23
Helgarfrí.....	24
SKYNDIMYNDIR.....	25
Til fyrirmyndar.....	26
Spegilmynd.....	27
Talandi seðlar.....	29
I love cats.....	30
Plastflöskur og áldósir.....	31
Ekki lána honum litina þína.....	32
Pastelitað náttúrubarn.....	33
Engir stólar, auðir stólar.....	35